

EBITDA 2.293 millj. kr. á 4F og 10.020 millj. kr. fyrir 12M 2022
Helstu niðurstöður

- Vörusala nam 31.744 millj. kr. samanborið við 26.428 millj. kr. árið áður og jókst um 20,1% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.871 millj. kr. Framlegðarstig nam 21,6% og lækkar um 3,1 p.p. mestmegnis vegna hækkunar á hrávöruverðum á heimsmarkaði milli ára.
- Viðbótarkostnaður vegna nýs kjarasamnings á vinnumarkaði frá 1. nóvember sl. nam um 200 millj. kr. á fjórðungnum.
- EBITDA nam 2.293 millj. kr. samanborið við 2.809 millj. kr. á 4F 2021, sem jafngildir 18,4% lækkun milli ára en lækkunin er 9,5% ef tekið er tillit til söluhagnaðar fasteigna 276 millj. kr. sem var á 4F 2021.
- Icelandic Food Company ehf., 45% eignarhluti keyptur, verður dótturfélag í 100% eigu frá 1. janúar 2023.
- Eigið fé í lok árs 2022 nam 34.460 millj. kr. og eiginfjárlutfall 36,9% samanborið við 39,4% í lok árs 2021.
- Á árinu 2022 skila N1, ELKO og Krónan sinni bestu EBITDA afkomu frá upphafi ef ekki er tekinn með söluhagnaðar fasteigna hjá Krónunni á árinu 2021.
- EBITDA fyrir árið 2022 nam 10.020 millj. kr. sem er í takt við miðgildi afkomuspár félagsins ef tekið er tillit til viðbótar kostnaðar nýs kjarasamnings frá 1. nóvember sl. sem var ekki inni í áætlunum.

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	31.744	26.428	5.316	20,1%	121.398	98.736	22.662	23,0%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.871	6.522	349	5,4%	26.994	24.646	2.348	9,5%
Aðrar rekstrartekjur	673	724	-51	-7,1%	2.386	2.316	70	3,0%
EBITDA	2.293	2.809	-516	-18,4%	10.020	10.118	-98	-1,0%
EBIT	1.529	2.156	-627	-29,1%	6.707	7.660	-953	-12,4%
EBT	835	1.712	-877	-51,2%	4.936	6.161	-1.226	-19,9%
Hagnaður tímabilsins	708	1.354	-646	-47,7%	4.082	4.972	-890	-17,9%
Efnahagsreikningur					31.12.2022	31.12.2021	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					13.086	9.545	3.540	37,1%
Viðskiptakröfur					5.960	4.757	1.203	25,3%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					30.014	27.312	2.702	9,9%
Handbært fé					2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					27.902	23.309	4.593	19,7%
Sjóðstreymi	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	1.830	888	942	106,1%	4.607	8.292	-3.685	-44,4%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.361	2.199	-3.560	-161,9%	-4.764	2.104	-6.867	-326,5%
Fjármögnunargreyfingar	475	-3.341	3.816	-114,2%	-1.807	-8.989	7.181	-79,9%
Handbært fé í lok tímabils	2.112	4.003	-1.891	-47,2%	2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	21,6%	24,7%	-3,0%	-12,3%	22,2%	25,0%	-2,7%	-10,9%
EBITDA/framlegð	33,4%	43,1%	-9,7%	-22,5%	37,1%	41,1%	-3,9%	-9,6%
Eiginfjárlutfall	36,9%	39,4%	-2,5%	-6,4%	36,9%	35,7%	1,2%	3,4%
Laun/framlegð	54,4%	47,1%	7,3%	15,4%	49,8%	47,3%	2,5%	5,4%
Fjárfestingar	1.439	846	593	70,1%	5.774	2.381	3.393	142,5%
Veltuhraði birgða	7,6	8,2	-0,6	-7,3%	7,6	8,2	-0,6	-7,3%

Rekstur 4. ársfjórðungs 2022

Rekstur félagsins var góður á fjórða ársfjórðungi og í takt við áætlanir félagsins. Vörusala jókst um 20,1% milli ára en mikil aukning var í dagvörusölu og sölu á öðrum vörum. Heilt yfir var magnaukning á flestum sviðum rekstrar en gríðarleg hækkun hrávöruverða hafði sem fyrr áhrif á framlegðarstig sem lækkaði um 3,1 p.p. milli ára. Afkoma N1 var 301 millj. kr. verri en árið áður. Framlegð eldsneytis lækkar á fjórðungnum milli ára en einnig er neikvæður mismunur í hagnaði olíuvarna að fjárhæð 124 millj. kr. að skýra mismuninn. Afkoma ELKO var svipuð milli ára á fjórðungnum og afkoma Krónunnar var 86 millj. kr betri en árið áður. EBITDA félagsins nam 2.293 millj. kr. sem er 516 millj. kr. verri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur 4. ársfjórðungs 2022

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 31.744 millj. kr. sem er um 20,1% aukning milli ára.
- Tekjur af dagvörusölu námu 15.286 millj. kr. sem er aukning um 17,9% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu jukust um 2.263 millj. kr. milli ára eða 36,7%.
- Tekjur af raftækjasölu námu 4.995 millj. kr. sem er 4,4% aukning milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 3.039 millj. kr. sem er aukning um 20,8% milli ára.

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	15.286	12.970	2.316	17,9%	56.852	51.861	4.991	9,6%
Eldsneyti og rafmagn	8.423	6.160	2.263	36,7%	38.564	23.798	14.766	62,0%
Raftæki	4.995	4.783	213	4,4%	16.761	15.326	1.435	9,4%
Aðrar vörur og þjónusta	3.039	2.516	524	20,8%	9.221	7.751	1.470	19,0%
Samtals vöru-og þjónustusala	31.744	26.428	5.316	20,1%	121.398	98.736	22.662	23,0%
Aðrar rekstrartekjur	673	724	-51	-7,1%	2.386	2.316	70	3,0%
Tekjur samtals	32.417	27.152	5.265	19,4%	123.785	101.052	22.732	22,5%

Tekjur af dagvörusölu jukust um 17,9% milli ára en verslunum Krónunnar fjölgaði um tvær verslanir frá fyrra ári með opnun nýrrar verslunar í Borgartúni í maí sl. og ný verslun Krónunnar á Akureyri opnaði í desember. Þá opnaði Krónan nýja stærri verslun í Skeifunni í byrjun júlí en lokaði minni verslun í sama hverfi á sama tíma. Tekjur af eldsneyti og rafmagni hækkuðu um 36,7% milli ára en hækkun á heimsmarkaðsverði eldsneytis nam á bilinu 18-60% milli vörutegunda. Selt magn nam um 41,8 millj. lítra og jókst lítillega milli ára. Tekjur af raftækjasölu jukust um 4,4% milli ára sem skýrist helst af aukningu í vefverslun og verslun á Keflavíkurflugvelli. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu aukast um 20,8% milli ára en N1 opnaði nýtt verkstæði fyrir bifreiðaþjónustu sína í Klettagörðum í september sl. sem hefur farið mjög vel af stað.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 4. ársfjórðungi 2022

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.871 millj. kr. sem er 5,4% aukning milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 3.367 millj. kr. sem er aukning um 13,5% milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 1.017 millj. kr. sem er 233 millj. kr. lægri en árið áður. Framlegðarstig nam 12,1% og lækkar um 8,2 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.279 millj. kr. sem er aukning um 1,1% milli ára.
- Framlegð af öðrum vörum og þjónustu nam 1.208 millj. kr. sem er aukning um 16,2% milli ára.

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	3.367	2.967	400	13,5%	13.213	12.334	879	7,1%
Eldsneyti og rafmagn	1.017	1.251	-233	-18,7%	5.711	5.234	478	9,1%
Raftæki	1.279	1.264	14	1,1%	4.318	3.985	333	8,4%
Aðrar vörur og þjónusta	1.208	1.040	168	16,2%	3.751	3.093	658	21,3%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.871	6.522	349	5,4%	26.994	24.646	2.348	9,5%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.871 millj. kr. samanborið við 6.522 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2021 sem er 5,4% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu nam 3.367 millj. kr. sem er 13,5% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni nam 1.017 millj. kr. sem er um 233 millj. kr. samdráttur milli ára. Framlegðarstig eldsneytis lækkar úr 20,3% í 12,1% eða 8,2 p.p. Neikvæður mismunur í hagnaði af eldsneytisvörum nemur 124 millj. kr. milli ára en einnig er lægri framlegð per krónu á seldan líter milli ára, sérstaklega í sölu á bensíni. Framlegð af raftækjasölu nam 1.279 millj. kr. sem er 1,1% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu nam 1.208 millj. kr. sem er aukning um 16,2% milli ára.

Rekstrarkostnaður 4. ársfjórðungs 2022

- Rekstrarkostnaður á 4F 2022 var 5.250 millj. kr. og hækkar um 814 millj. kr. frá 4F 2021 eða um 18,3%.
- Launa- og starfsmannakostnaður hækkar um 663 millj. kr. milli ára eða um 21,6%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 151 millj. kr. milli ára eða um 11,1%

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.735	3.072	663	21,6%	13.456	11.659	1.797	15,4%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	446	396	50	12,5%	1.751	1.519	232	15,3%
Viðhaldskostnaður	275	254	21	8,3%	964	908	56	6,2%
Sölu og markaðskostnaður	413	329	85	25,7%	1.523	1.217	306	25,1%
Samskiptakostnaður	204	203	2	0,9%	808	699	109	15,6%
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	164	142	22	15,4%	455	417	38	9,1%
Vátrygginga og tjónakostnaður	6	8	-2	-25,1%	150	201	-51	-25,4%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	-53	-47	-6	13,2%	-15	-11	-4	41,0%
Annar kostnaður	61	81	-20	-24,5%	268	235	34	14,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.515	1.364	151	11,1%	5.905	5.186	719	13,9%
Samtals rekstrarkostnaður	5.250	4.437	814	18,3%	19.361	16.844	2.516	14,9%

Laun og annar starfsmannakostnaður á 4F 2022 nam 3.735 millj. kr. samanborið við 3.072 millj. kr. á sama tíma árið áður sem er 21,6% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda nam 1.284 á fjórðungnum sem er fjölgun um 129

8. febrúar 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2022

Stöðugildi milli ára. Þrjár samningsbundnar launahækkunar tóku gildi á milli tímabilanna eða í janúar 2022, apríl 2022 og í nóvember 2022 sem höfðu 315 millj. kr. áhrif til hækkunar milli ára. Þá nam viðbótarkostnaður vegna aukinna stöðugilda 321 millj. kr. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Laun og launatengd gjöld samtals 4F 2021	3.072
Stöðugildi - breyting	321
Samningsbundnar launahækkunar	248
Orlofsskuldbinding	67
Starfsmannakostnaður	27
Laun og launatengd gjöld samtals 4F 2022	3.735

Annar rekstrarkostnaður var 1.515 millj. kr. samanborið við 1.364 m.kr. á 4F 2021, sem er hækkun um 11,1% milli ára. Aukningin stafar að mestu vegna sölutengds kostnaðar eins og kostnaði við færsluhirðingu og veltutengdrar húsaleigu.

Fjármagnsliðir 4. ársfjórðungs 2022

- Nettó fjármagnskostnaður og áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 693 millj. kr. samanborið við 443 millj. kr. frá árinu áður. Aukningin er því 250 millj. kr. milli ára.
- Fjármagnstekjur námu 28 millj. kr. og eru óbreyttar milli ára.
- Fjármagnsgjöld námu 678 millj. kr. og hækkuðu um 158 millj. kr. milli ára.
- Áhrif hlutdeildarfélaganna námu 69 millj. kr. og hækkuðu um 61 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	28	28	0	-0,9%	178	90	88	97,9%
Fjármagnsgjöld	-678	-519	-158	30,5%	-2.408	-1.957	-451	23,0%
Áhrif hlutdeildarfélaganna	69	8	61	793,2%	453	301	153	50,8%
Samtals	-693	-443	-250	56,3%	-1.772	-1.499	-272	18,2%

Fjármagnstekjur nema 28 millj. kr. sem er svipað og á fyrra ári. Fjármagnsgjöld nema 678 millj. kr. og hækka um 158 millj. kr. milli ára mestmegnis vegna áhrifa af hækkunum stýrisvaxta Seðlabankans milli ára. Áhrif hlutdeildarfélaganna nema 69 millj. kr. og hækka um 61 millj. kr. milli ára.

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 4. ársfjórðungs 2022

- Heildar eignir námu 93.373 millj. kr. í lok árs 2022 og hafa aukist um 7.401 millj. kr. á árinu.
- Fastafjármunir námu 71.450 millj. kr. og hafa aukist um 4.673 millj. kr. á árinu.
- Veltufjármunir námu 21.923 millj. kr. og hafa aukist um 2.728 millj. kr. á árinu.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 36,9% í lok árs 2022 samanborið við 39,4% í árslok 2021.
- Handbært fé nam 2.112 millj. kr. í lok árs 2022 sem er lækkun um 1.891 millj. kr. frá áramótum.

8. febrúar 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2022

Milljónir króna	31.12.2022	31.12.2021	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.862	14.668	194	1,3%
Aðrar óefnislegar eignir	4.517	4.744	-228	-4,8%
Rekstrarfjármunir	34.815	32.544	2.271	7,0%
Leigugæðir	8.012	6.155	1.857	30,2%
Fjárfestingarfasteignir	6.479	6.100	378	6,2%
Birgðir	13.086	9.545	3.540	37,1%
Viðskiptakröfur	5.960	4.757	1.203	25,3%
Handbært fé	2.112	4.003	-1.891	-47,2%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	30.014	27.312	2.702	9,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	27.902	23.309	4.593	19,7%
Nettó vaxtaberandi skuldir	36.328	29.731	6.597	22,2%
Eignfjárhlutfall	36,9%	39,4%	-2,5 p.p.	-6,4%
Veltuhraði vörubirgða	7,6	8,2	-0,6	-7,3%

Viðskiptavild nam 14.862 millj. kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.517 millj. kr. í lok 4F 2022. Rekstrarfjármunir námu 34.815 millj. kr og hækka um 2.271 millj.kr frá áramótum. Fjárfestingarfasteignir 6.479 millj. kr. og hækka um 378 millj. kr. frá áramótum.

Vörubirgðir hækka um 3.540 millj. kr. vegna hækkunar hrávöruverða og opnun nýrra verslana á árinu. Fjárfesting í eldsneytisbirgðum eykst um 1.780 millj. kr. eða 70% en magn í líturum um 8%. Viðskiptakröfur hækka um 1.203 millj. kr. frá áramótum í takt við hækkun heimsmarkaðsverða og aukna veltu.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga námu samtals 27.902 millj. kr. sem er hækkun um 4.593 millj. kr. frá áramótum. Eignfjárhlutfall félagsins var 36,9% í lok árs 2022 samanborið við 39,4% í lok árs 2021. Lausafjárstaða félagsins er góð og efnahagsreikningur félagsins sterkur.

Sjóðstreymi 4. ársfjórðungs 2022

- Handbært fé frá rekstri á 4F 2022 var 1.830 millj. kr. samanborið við 888 millj. kr. á 4F 2021.
- Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 1.361 millj. kr. en voru jákvæðar um 2.199 millj. kr. á 4F 2021.
- Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 475 millj. kr. en voru neikvæðar um 3.341 millj. kr. á 4F 2021.

Milljónir króna	4F 2022	4F 2021	Breyt.	% Breyt.	12M 2022	12M 2021	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	1.144	4.245	-3.101	-73,0%	4.003	2.563	1.440	56,2%
Handbært fé frá rekstri	1.830	888	942	106,1%	4.607	8.292	-3.685	-44,4%
Fjárfestingarhreyfingar	-1.361	2.199	-3.560	-161,9%	-4.764	2.104	-6.867	-326,5%
Fjármögnunarhreyfingar	475	-3.341	3.816	-114,2%	-1.807	-8.989	7.181	-79,9%
Gengismunur af handbæru fé	24	12	12	105,4%	74	33	41	123,0%
Breyting á handbæru fé	968	-242	1.210	-499,4%	-1.891	1.440	-3.330	-231,3%
Handbært fé í lok tímabils	2.112	4.003	-1.891	-47,2%	2.112	4.003	-1.891	-47,2%

8. febrúar 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2022

Handbært fé frá rekstri á 4F 2022 nam 1.830 millj. kr. sem er aukning um 942 millj. kr. milli ára. Fjárfestingar námu 1.439 millj. kr. sem er aukning um 593 millj. kr. milli ára. Nýtt langtímalán var tekið á fjórðungnum að fjárhæð 3.960 millj. kr. til að fjármagna fjárfestingar ársins og styrkja lausafjárstöðu. Afborganir af vaxtaberandi lánum námu um 3.300 millj. kr. og af leiguskuldum 186 millj. kr. Handbært fé jókst um 968 millj. kr. á fjórða ársfjórðungi 2022 og nam 2.112 millj. kr. í lok árs 2022.

EBITDA spá

EBITDA spá félagsins fyrir árið 2023 nemur 9.750 - 10.250 millj. kr.

Eftirfarandi utanaðkomandi þættir geta haft mikil áhrif á rekstur félagsins:

- Áhrif kjaradeilna á vinnumarkaði
- Áhrif innrásar Rússa í Úkraínu á vöruframboð
- Miklar breytingar á heimsmarkaðsverði á hrávöru og gengi ISK
- Mikil verðbólga á alþjóðamörkuðum þar með talið á Íslandi
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda

Eiginfjárhlutfall félagsins er 36,9% í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Horfur í rekstrinum eru ágætar og er félagið vel stakk búið til að takast á við verkefni framundan.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok árs 2022 nam 56,9 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 1.269 í lok árs 2022.

Vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 9. febrúar 2023

Vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 9. febrúar þar sem Magnús Kr. Ingason, fjármálastjóri Festi og staðgengill forstjóra, mun kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30.

Skráning á fundinn fer fram hér: <https://vimeo.com/webinars/events/01df3ef7-1a92-444a-b812-e9138603c7ac>

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta spurt spurninga á meðan á fundi stendur í gegnum spjallþráð sem birtist fyrir neðan vefstreymið. Spurningum verður svarað að lokinni kynningu.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: www.festi.is/r/fjarhagsupplýsingar

8. febrúar 2023 – Afkomutilkynning Festi hf. á 4. ársfjórðungi 2022

Fjárhagsdagatal

- Aðalfundur 2023: 22. mars 2023
- 1F 2023: 3. maí 2023
- 2F 2023: 26. júlí 2023
- 3F 2023: 25. október 2023
- 4F 2023: 7. febrúar 2024
- Aðalfundur 2024: 20. mars 2024

Nánari upplýsingar veitir Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðgengill forstjóra (mki@festi.is).